

## Fyrirspurn

til innviðaráðherra um Öldu, brú yfir Fossvog.

Frá Diljá Mist Einarsdóttur.

1. Hvaða rannsóknir voru gerðar á veðurfari við brúarstæði Öldu, brúar yfir Fossvog, og í veginum sjálfum þar sem brúin verður reist og hverjar voru niðurstöðurnar?
2. Var tekið tillit til vindhraða í slíkum rannsóknum ef þær voru gerðar, m.a. í ljósi yfirborðshrýfis og hæðar yfir sjávarmáli?
3. Hvað má áætla að brúin verði ófær gangandi og hjólandi vegfarendum marga daga á ári vegna slæmra veðurskilyrða?
4. Var gerð sérstök arðsemisgreining á Öldu? Ef ekki, hvernig samræmist það 2. mgr. 4. gr. laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, nr. 120/2012, og ætlar ráðherra að láta gera sérstaka arðsemisgreiningu á brúnni?

Skriflegt svar óskast.